

1863.
11. septbrm. skal hreppur þessi þaraðauki skyldur að endurgjalda Árnas hreppi og Hrófbjergs hreppi í Strandasýslu það, sem til telst að greitt hafi verið úr sveitarsjóðum þessara hreppa sem bráðabirgðarstyrkur til uppeldis Friðrik Friðrikssyni og hyski hans.

En með því dómsmálastjórnin, eptir öllum þeim skýrslum, sem fram eru komnar um málefni þetta, í öllum aðalatriðunum verður að fallast á þær ástæður, sem úrskurður yðar er byggður á, þá skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að úrskurður þessi skal óraskaður standa.

18. septbrm. **77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að setja Þorvald Jónsson, kandiðat í læknisfræði, fyrir héraðslækni í hinu nyrðra læknis-héraði vesturumdæmisins.**

Með bréfi 25. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt frá Jóni jústizráði Hjaltalín, landlækni á Íslandi; er í því beðið um, að Þorvaldur Jónsson, einn af læknisefnum þeim, er nema hjá honum læknisfræði, og ætlar í yfirstandanda mánuði að ganga undir próf það, er fyrirskipað er með konungsúrskurði 29. ágúst. f. á., verði settur héraðslæknir í nyrðra læknishéraði vesturumdæmisins, og fái full laun og önnur hlunnindi, þau er embættinu fylgja; hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess, að eptir því, sem yfirmaðurinn yfir frakknesku herskipunum við Ísland og foringinn fyrir hinu danska herskipi St. Thomas, hafi skýrt yður frá, seu íbúar héraðs þessa án allrar læknishjálpur þegar sjúkdómar koma uppá, með því læknum í syðra læknishéraði vesturumdæmisins se með öllu ómögulegt að láta í té nokkra hjálp nema einstökusinum syðst í héraðinu; hafið þér því mælt fram með bænarskránni, en jafnframt því tekið fram, að Þorvaldur verði að hafa staðizt próf það, sem að ofan er nefnt, áður en tekið verði í mál að setja hann í embættið.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að af þeim ástæðum,

1863.

18. septbrn.

sem þær hafið tilgreint og með tilliti til þess, sem dómsmála-
stjórninni á annan hátt er kunnugt orðið um skort þann, sem
er á læknishjálpi í hinu nyrðra læknishéraði vesturumdæmisins,
felur stjórnarráðið yður hérmeð á hendur að setja tæðan Þorvald
Jónsson fyrir héraðslækni í læknishéraði þessu, jafnskjótt og
hann hefir lokið prófinu í læknisfræði, með þeim kjörum, að
hann frá þeim degi, er hann tekur við embættinu, fái
full embættislaun, ásamt launaviðbót þeirri, sem ákveðin er í
lögum 19. janúarmán. þ. á., og launaviðbót eptir kornverði,
svo og húsaleigustyrk þann, er embættinu fylgir.

Því skal enn við bætt, að dómsmálastjórnin hefir í dag
skýrt amtmanninum í Vesturumdæminu frá þessu, en stjórn-
arráðið vonast eptir að fá frá yður skýrslu um, hvað gjört
verður í þessu efni.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 18. septbrn. yfir Íslandi, um fjárkláðamálið á alþingi.

Í 43. blaði „Þjóðólfs“, er út kom í Reykjavík 25. f. m.
og dómsmálastjórninni hefir borizt í hendur, segir, að alþingi
Íslendinga hafi á fundi þess, sem nýlega er afstaðinn, til svars
upp á nokkrar bænarskrár úr Kjósar- og Gullbringusýslu, gefið
út prentað umburðarbréf til íbúanna í sveitunum, þar sem
fjárkláðinn er; hefir stjórnarráðinu undir hendinni verið sent eitt
af bréfum þessum, og skýrir alþingi þar frá, að það hafi í
öllum aðalatriðunum fallizt á frumvarp það, er stjórnin lagði
fyrir þingið, um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjár-
kláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og laut að
því, að útrýma skyldi fjárkláðanum einungis með lækningum,
og lætur jafnframt í ljósi þá von sína, að takast muni með
lagaböði þessu að útrýma algjörlega sýki þeirri, sem hér er
um rætt; en þrátt fyrir þetta skorar þingið innilega á íbúana
í sveitum þeim, sem hlut eiga að máli, að íhuga vandlega,
hvort ekki mundi vera hagfelldara og kostnaðarminna að gjöra
samkomulag um að skera niður allt fê í þessum sveitum nú í